

Fundargerð fulltrúaráðs

85. fundur fulltrúaráðs Brunavarna Árnassýslu (BÁ) haldinn 14. júlí 2010 kl.
13.00 í slökkvistöð Selfossi

Mætt:

Kjartan Lárusson, Gunnar Þorgeirsson, Stefán Helgason, Eyþórs Arnalds, Ragnheiður Hergeirsdóttir, Ólafur F. Leifsson og Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Fyrir fundinn fór slökkviliðsstjóri yfir reglur og hefðir í sambandi við hlutverkaskipan stjórnar og stjórnarkjör.

Að því loknu setti Kjartan Lárusson fundinn og stjórnaði honum.

1. Kosning stjórnarmanna BÁ fyrir árin 2010-2014

a) **Kosning formanns:**

Kjartan lysti eftir framboðum í stöðu formanns stjórnar og Fulltrúaráðs BÁ. Fulltrúaráð sammála að fela Eyþóri Arnalds að gegna stöðunni.

Eyþór tók við fundarstjórn.

b) **Kosning meðstjórnenda:**

Fundarmenn sammála að fresta kosningu meðstjórnenda til næsta fundar Fulltrúaráðs, eða þar til fulltrúi Ölfus hefur verið skipaður í ráðið.

2. Húsnæðismál BÁ

Formaður kynnti samkomulag innan bæjarstjórnar Árborgar þess efnis að Sveitarfélagið Árborg keypti húsnæði Björgunarmiðstöðvarinnar við Árveg á Selfossi af Íslandsbanka.

Hann greindi frá því að kaup þessi væru háð því að Brunavarnir Árnassýslu og Heilbrigðisstofnun Suðurlands semdu um leigu á húsnæði á grundvelli þeirra samninga sem gerðir voru á sínum tíma við Björgunarmiðstöð Árborgar ehf. Umræður urðu um málið og fyrri samning.

Fram kom að eftir var að ganga frá samningi milli þeirra aðila sem ætluðu að vera í húsnæðinu varðandi sameiginleg rekstrarmál. Þessi mál standa þó ekki í vegi fyrir því að gengið verði frá fyrri skuldbindingum BÁ vegna leigusamnings.

Einnig kom fram að einhverjar breytingar verða á leigusvæðum þar sem Björgunarfélag Árborgar mun ekki ætla sér jafn mikið svæði og upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir.

Fulltrúaráð BÁ samþykkir að fela formanni og slökkviliðsstjóra að vinna að leigusamningi við Sveitarfélagið Árborg, á húsnæði undir starfsemi BÁ á grundvelli fyrri samnings við Björgunarmiðstöð Árborgar ehf.

3. Önnur mál

Slökkviliðsstjóri greindi frá stöðu mála innan liðsins og lýsti ánægju sinni með liðsmenn og nána samstarfsmenn.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 14.10

**Kjartan Lárusson, Gunnar Þorgeirsson, Stefán Helgason, Eypórs Arnalds,
Ragnheiður Hergeirsdóttir, Ólafur F. Leifsson,
Kristján Einarsson**